

Fundargerð 192. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 11. október 2017
Fundartími: 16:30 – 19:15
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að bæta inn í dagskrána 18. lið, Önnur mál a) Samstarf Árborgar og Flóahrepps um upplýsingamiðstöð og b) Skólatún sölumál. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 140, dags. 14.09.2017

a) Hólmasel 2 lnr. 225221: Deiliskipulag. Fyrirspurn – 1708068

Lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á landinu Hólmasel 2 lnr. 225221 í Flóahreppi. Heildarstærð landsins er 58,1 ha en skipulagssvæði nær til um 14,3 ha svæðis næst Villingaholtsvegi. Samkvæmt tillögum er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhús, hesthúss og skemmu ásamt húsnaði fyrir starfsfólk og gesti. Gert er ráð fyrir að sótt verði um stofnun lögbýlis samhliða deiliskipulagsvinnunni.

Að mati skipulagsnefndar samræmist lýsingin gildandi aðalskipulagi, með fyrirvara um að sveitarstjórn samþykki að stofnað verði nýtt lögbýli á spildunni. Gera þarf lagfæringar á gögnum í samráði við skipulagsfulltrúa. Er mælt með að skipulagsfulltrúa verði falið að kynna hana skv. 3 mgr. 40. gr. skipulagslaga. Leitað verði umsagnar Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Langholt 1 land 2A lnr. 218349: Landnotkun breytt í verslun- og þjónustu: Aðalskipulagsbreyting – 1703054

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2 mgr. 30. gr skipulagslaga tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem nær til lóðarinnar Langholt 1, land 2A (lnr. 218349) úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu. Svæðið sem um ræðir er nokkuð austan Langholtsvegar, norðaustan sumarhúsasvæðis úr landi Hallanda. Gert er ráð fyrir að á landinu verði byggð allt að 10 heilsárshús til útleigu. Tillagan var kynnt með auglýsingu 31. ágúst og barst eitt athugasemdarbréf.

Með vísun í samþykkt sveitarstjórnar Flóahrepps 13. september 2017 er málinu hafnað.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 62 – 1709001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september 2017.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 141 dags. 28.09.2017

a) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 – 63 – 1709003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september 2017.

3. Aðalskipulag Flóahrepps - afgreiðsla skipulagsstofnunar

Lögð fram umsögn og afgreiðsla Skipulagsstofnunar, dags. 21. september, vegna tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Flóahrepp.

Athugasemdirnar ræddar og vísað til fundar sveitarstjórnar með skipulagsfulltrúa og verktaka við skipulagsgerðina. Sveitarstjóra falið að boða til fundarins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Afgreiðsla á tillögum fræðslunefndar úr fundargerð nr. 103, dags. 26.09.2017

a) Skólalóð Flóaskóla – skipulag og bætt aðstaða nemenda

Sveitarstjórn tekur undir með fræðslunefnd og mun leggja sérstaka áherslu á fjármögnun leiktækja við fjárhagsáætlanagerð. Gott samstarf þarf að vera við Ungmennafélagið Þjótanda varðandi skipulag svæðisins. Leitað verður til fagaðila varðandi skipulag lóðarinnar og kallað verður eftir tilboðum í þá vinnu. Sveitarstjórn er sammála um að hætta rekstri tjaldsvæðis við Þjórsárver.

b) Verkefnisstjóri - staðgengill skólastjóra

Fræðslunefnd leggur áherslu á að við fjárhagsáætlunargerð sé gert ráð fyrir framlagi vegna 50 % stöðu verkefnisstjóra.

Með vísan í skýrslu ráðgjafa Skólastofunnar samþykkir sveitarstjórn með 5 atkvæðum það fyrirkomulag til loka skólaársins 2017 – 2018.

5. Erindi frá Önnu Gretu Ólafsdóttur – ósk um birtingu upplýsinga

Lagt fram erindi frá Önnu Gretu Ólafsdóttur þar sem óskað er eftir að öllum trúnaði verði aflétt af starfslokasamningi hennar og að íbúar og annar almenningur fái aðgang að samningnum í heild og þá sérstaklega upplýsingum um upphæð samningsins.

Sigurbára Rúnarsdóttir vísar af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Sveitarstjórn þakkar erindið og mun ekki setja sig gegn því að trúnaði verði aflétt, liggi fyrir álit lögfræðings Önnu Gretu og lögfræðings sveitarfélagsins á því með hvaða hætti þessar upplýsingar verði afhentar.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

6. Skólalóð Flóaskóla – undirskriftarlisti nemenda og starfsmanna – ósk um fleiri leiktæki

Lagt fram erindi frá Ásdísi Evu og Svandísi Aitken ásamt undirskriftarlista nemenda og starfsmanna í Flóaskóla þar sem óskað er eftir fleiri leiktækum á skólalóð Flóaskóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir erindið og tekur jákvætt í það. Óskað er eftir hugmyndum frá Flóaskóla um það hvaða leiktæki gætu hentað best og forgangsöröðun eftir mikilvægi. Sveitarstjóra falið í samráði við skólastjóra að kanna hvort hugsanlega megi nýta hluta af viðhaldsframlagi ársins 2017 til þess að koma verkefninu strax af stað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna um ferðarþjónustu fyrir fatlað fólk

Lagðar fram til samþykktar reglur Skóla- og velferðarþjónustu fyrir fatlað fólk. Reglur þessar voru staðfestar af Skólaþjónustu- og velferðarnefnd 13. september 2017 og sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum.

8. Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði – Julia's Guesthouse

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Julia's guesthouse um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umbeðið rekstrarleyfi með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa sveitarfélagsins, Brunavarna Árneshöfna og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga – útkomuspá 2017

Lagt fram erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem vísað er í 79. grein sveitarstjórnarlaga og óskað er eftir útkomuspá sveitarfélagsins fyrir fjárhagsárið 2017.

Lögð fram drög að útkomuspá fyrir fjárhagsárið 2017.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu og senda viðeigandi gögn í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Viðauki II við fjárhagsáætlun ársins 2017

Lögð fram gögn varðandi viðauka við fjárhagsáætlun Flóahrepps og áhrif hans á fjármagnshreyfingar.

Vegna launaliðar Flóaskóla og hlutar Flóahrepps í breytingum á húsnæði nýrrar starfsstöðvar skóla og velferðarþjónustu. Samtals er viðaukinn upp á kr. 7.100 þús. kr. Bókast á liðinn fræðslumál. Viðaukanum er mætt með lækkun á eigin fé.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka II með 5 atkvæðum.

11. Forsendur fjárhagsáætlunargerðar 2018 - 2021

a) Ákvörðun um útsvarsprósentu ársins 2018 í Flóahreppi

Lögð fram tillaga um að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2018 verði **14,52 %**.

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum

b) Ákvörðun um álagningarprósentur fasteignaskatts í Flóahreppi 2018

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2018:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c-flokkur 1,65% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu með 5 atkvæðum.

c) Tillaga að gjaldskrá ársins 2018 vegna sorphirðu í Flóahreppi

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2018:

Sorphirða

240 l tunna 15.582 kr

660 l kar 42.880 kr

1100 l kar 71.369 kr

Sorpeyðing

Íbúðir 14.854 kr

Sumarhús 14.854 kr

Atvinnur. Iðnaðarhverfi 32.411 kr

Atvinnur. Lögbýli 17.556 kr

Seyrulosun pr. ár. 9.246 kr

Losun á seyru fer fram þriðja hvert ár

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum.

d) Tillaga að gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps fyrir árið 2018

Lögð fram tillaga að eftirfarandi breytingum á gjaldskrá Vatnsveitu fyrir árið 2018:

Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að lágmarksálagning á íbúðarhús verði 20.000 kr og hámarksálagning 39.500 kr.

Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 33.500 kr.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum.

e) Tillaga að gjalddagareglum fasteignagjalda fyrir árið 2018

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnssgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur

60.001 kr. og hærri greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí,

1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út nema til þeirra sem þess óska heldur sendir rafrænt á island.is. Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka, en ekki annarra nema

sérstaklega sé óskað eftir því. Mikilvægt er að það sé auglýst með góðum fyrirvara að sérstaklega þarf að óska eftir útprentuðum álagningar- og greiðsluseðlum. Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Snjómokstur í Flóahreppi

Að lokinni verðkönnun Vegagerðarinnar og Flóahrepps sem auglýst var í Dagskránni dags. 14.09.2017 sendu eftirtaldir aðilar inn tölur vegna snjómoksturs í Flóahreppi 2017 – 2020. Hellisbúið ehf. Strá ehf, Kolstholt ehf, Jón Valgeir Geirsson og Bakkavélar. Leitað verður samninga við lægstbjóðendur. Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Leigusamningur – Nova ehf - vegna GSM sendis

Lagður fram leigusamningur milli Flóahrepps kt. 600606-1310 annars vegar og Nova kt. 531205-0810 hins vegar. Samningurinn tryggir Nova rými til hýsingar á búnaði til eflingar á GSM sendingum í neðri hluta Flóahrepps. Leigugjald er 250.000 kr. á ári. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.

14. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 28. október 2017

Lagt fram erindi til sveitarstjórnar frá Þjóðskrá um meðferð kjörskrárstofna vegna alþingiskosninga 28. október 2017. Meðfylgjandi er kjörskrárstofn fyrir Flóahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn og felur sveitarstjóra að gera viðeigandi leiðréttingar fram að kjördegi og annast framlagningu kjörskrár. Kjörskráin skal liggja frammi á skrifstofu Flóahrepps á skrifstofutíma fram til kjördags. Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Fundargerðir:

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 191, dags. 13.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 103, dags. 26.09.2017**
Óskað er eftir álitum fræðslunefndar og skólastjórna á því hvenær og með hvaða hætti endurskoðun á skólanámskrá skuli fara fram. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
Samþykkt með 5 atkvæðum
- c) **Æskulýðs- og tómstundanevndar nr. 32, dags. 11.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Nos dags. 29.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Skólaþjónustu- og velferðarnevndar Árneshöfna nr. 23, dags. 13.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Brunavarna Árneshöfna nr. 16, dags. 29.08.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Brunavarna Árneshöfna nr. 17, dags. 19.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Framkvæmdaráðs Almanna Árneshöfna nr. 20, dags. 19.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Fagraðs Tónlistarskóla Árneshöfna nr. 183, dags. 02.10.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 256, dags. 19.06.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 257, dags. 31.08.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 258, dags. 21.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 259, dags. 29.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 181, dags. 22.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) **Stjórnar SASS nr. 523, dags. 07.–08.09.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

16. Efni til kynningar:

- a) Frá Náttúrufræðistofnun Íslands – Vistgerðir á Íslandi
- b) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga – framlög vegna sameiningar sveitarfélaga
- c) Uppgjör Fjárslu ríkisins á útsvari sveitarfélaga fyrir árið 2017
- d) Innleiðin persónuverndarlöggjafar – kynning á þjónustu Dattaca Labs
- e) Frá Þjóðskrá breytt fyrirkomulag á upplýsingagjöf
- f) Frá Landsvirkjun – tilkynning um skógrækt í landi Skálmholtshrauns
- g) Frá Vegagerðinni – fyrirhuguð niðurfelling Lækjarbakavegar af vegaskrá
- h) Frá Vegagerðinni – fyrirhuguð niðurfelling Mýrarveggar af vegaskrá
- i) Ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla

17. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 8. nóvember klukkan 13:30 í Þingborg.

18. Önnur mál

- a) **Samstarfssamningur Árborgar og Flóahrepps varðandi upplýsingamiðstöð**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka þátt í rekstri upplýsingarmiðstöðvar á forsendum fyrirbyggjandi upplýsinga um kostnað við verkefnið. Vísað til fjárhagsáætlanagerðar fyrir árið 2018.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) **Tilboð í Skólatún**

Lögð fram tvö tilboð í fasteignina Skólatún

Hærra tilboðinu sem er frá Heimi Ólafssyni tekið. Tilboðið hljóðar uppá 1,8 millj. kr og frágang á lóðinni eftir að húsið hefur verið flutt af staðnum.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)